

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá nr. 1215/2011 fyrir hundahald í Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi.

1. gr.

2. gr. gjaldskrárinnar breytist og hljóðar svo:

Við umsókn um skráningu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

Skráningargjald kr. 14.000

Skráningargjald eftir útrunninn frest kr. 18.000

Auk þess skal innheimta eftirlitsgjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru á árinu.

Bráðabirgðaskráning kr. 7.000

2. gr.

Breyting þessi er samþykkt af aðildarsveitarfélögum heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og staðfestist hér með vísun til ákvæða 12. gr. og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Garðabæ, 9. nóvember 2015.*

F.h. heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis,

**Guðmundur H. Einarsson** framkvæmdastjóri.